



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**44. fundur eigendafundar Strætó bs.
var haldinn í fjarfundi, föstudaginn 29. september 2023
og hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Alexandra Briem, Andri Steinn Hilmarsson, Hrannar Bragi Eyjólfsson, Kristín María Thoroddsen, Lovísa Jónsdóttir, Magnús Örn Guðmundsson, Jóhannes Rúnarsson, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Þór Sigurgeirsson, Regína Ásvaldsdóttir, Orri Vignir Hlöðversson, Valdimar Víðisson, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlanir byggðasamlaga 2024 - 2307010

Framhald umræðu frá 43. eigendafundi. Fyrirliggjandi eru drög að fjárhagsáætlun Strætó bs. 2024 og fjárhags- og starfsáætlun Strætó bs. 2024-2028. Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs. kynnir. Umræður.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi.

Niðurstaða:

Áfram verður unnið að endanlegri tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2024 sem verður tekin fyrir á næsta eigendafundi að undangenginni afgreiðslu stjórnar Strætó bs.

Lagt fram til kynningar

2. Útboð á aðkeyptum akstri strætisvagna - 2303010

Á 41. fundi eigendavettvangs Strætó samþykkti eigendavettvangur fyrir sitt leyti að farið væri í endurútboð á akstri almenningsvagna til átta ára með heimild til framlengingar í tvö ár. Um var að ræða útboð á sama hluta aksturs Strætó bs., að teknu tilliti til breytinga á leiðakerfi, og áður var boðinn út. Tilboð vegna framangreinds útboðs liggja nú fyrir. Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó kynnir.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi.

Niðurstaða:

Frekari skoðun tilboða fari fram á vettvangi stjórnar Strætó bs.

Lagt fram til kynningar



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:45.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 18.08 2026